

**Nr. 107 / 13 Vinnubátur****Hvolfir í fjöru**

Skipaskr.nr. óskáður  
Smíðaður: Englandi, Humber gerð plast með blöðru  
Stærð: brl. bt.  
Mesta lengd: m Skráð lengd: 5,90 m  
Breidd: m Dýpt: m  
Vél: Evenrude utanborðsvél 146 kW (200hö)  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 9. júlí 2013 var harðbotna slöngubátur að aðstoða við kapallögn undan Landeyjafjöru. Veður: SA 2 m/sek., ölduhæð nær 0,80 m.

Verið var að kom sæstreng úr kapalskipi upp í fjöruna og dró vinnubáturinn Bára (sk.nr. 6951) tildráttartóg upp að ströndinni og inn fyrir sandhrygginn (brotið) þar sem tveir menn í kafarabúningum, en án öndunartækja, fóru frá borði og áttu að fara með lausa endann upp í fjöruna. Stjórnandi Báru strekkti á tóginu yfir í kapalskipið og eftir að mennirnir voru farnir frá borði komu boð frá skipinu um að ekki væri meiri slaka að hafa og yfirvarpið sem hann ætlaði mönnum í sjónum var þá uppurið. Annar mannana varð fljótlega örmagna og veifaði eftir aðstoð.

Harðbotna slöngubáturinn fór þegar til aðstoðar inn fyrir brotið og náði manningnum sem var í vandræðum. Eftir að báturinn sneri út aftur kom alda undir stefnið sem lyftist með þeim afleiðingum að í öldudalnum stakkst skrúfan niður í botninn og hélt skutnum föstum en aldan brotnaði yfir bátinn svo hann endastakkst. Stjórnandinn losnaði strax frá bátinum en hinn maðurinn varð fyrir höggi og festist undir bátinum í klemmu framan við stjórnþúlið. Stjórnandinn náði fljótlega að losa manninn undan bátinum og studdi hann á meðan þeir óðu til lands.

**Við rannsókn kom fram:**

- að harðbotna slöngubáturinn, sem fór til að bjarga manningnum, var með utanborðsmótor og náði hældrifið með skrúfunni u.þ.b. 30 sm. niður fyrir

kjöl. Stjórnþæki bátsins var í púlti með sæti fyrir stjórnanda fyrir miðju bátsins;

- að maðurinn var orðinn svo þrekaður þegar hann kom að bátnum að stjórnandi hans þurfti að draga hann upp í bátinn fyrir framan púltið þar sem hann lá en á meðan rak bátinn á grynna vatn. Maðurinn féll því niður á stjórnþæki bátsins og vankaðist þegar báturinn endastakkst í brotinu;
- að maðurinn sagðist hafa orðið örmagna við að reyna að draga tógið á sundi þar sem hann náði ekki til botns nema öðru hvoru. Hann sagðist hafa verið í þurralla (köfunarbúning) og loftið í gallanum, sem venjulega fleytir mönnum, hafi fljótlega tapast út þegar hann velktist um í brotunum. Þegar loft var farið að mestu úr efri hluta búningsins hafði loft lokast í neðri hlutanum. Hann hafi því átt í vandræðum með að standa í fæturnar;
- að hvorugur manna í sjónum voru búnir viðbótar floti (björgunarvesti);
- að stjórnandi Báru sagði að tógið frá skipinu hafi verið nokkuð strekkt og haldið skutnum upp í ölduna. Hann hafi siglt inn fyrir brotin og tekið til sín nær 40 metra yfirvarp af tóginu fyrir mennina að fara með þegar þeir fóru frá borði. Taldi hann að þeir hefðu þá náð til botns en dýpið hafi verið 1,5 til 1,8 metrar samkvæmt dýptarmæli bátsins. Hann hafi svo ekki náð meiri slaka á tógið fyrir mennina og þegar ekki meiri slaka var að hafa hafi þeir ekki komist lengra. Skömmu seinna hafi hann fengið boð, um talstöð, frá skipinu að ekki væri hægt að slaka meira tógi út því það væri komið á enda sem festur væri við sæstrenginn.

### *Nefndarálit:*

Orsök þess að bátnum hvolfdi var að hann var kominn of grunnt þegar honum var snúið upp í ölduna og hældrifið, sem stóð nokkuð niður fyrir kjöllínu, stakkst niður í sandbotninn.

Nefndin bendir á að við vinnu sem þessa eigi menn ávallt að vera í björgunarvesti.